

# FRÉTTABRÉF

## FÁLKASKÁTAMÓTS 2022

### BRÉF 5



Jæja þá er bara komið að þessu og rétt að skerpa aðeins á

Allir þátttakendur koma á svæðið að tjaldmiðstöðinni. Á kortinu er það innkeyrslan á milli 12. og 13. tjaldflatar. Það er auðþekkjandi á stóra hliðinu sem keyrt er gegnum og planinu með ruslaflokkuninni sem verður þá á vinstri hönd. (sjá kort)

**Rútur:** koma inn á svæðið við tjaldmiðstöð þar verður tekið á móti þeim og vísað í viðeigandi tjaldbúð. Fararstjórar fara síðan í JB skála þar afhendir mótstjórn poka með mótseinkennum og ýmsu blandi meðal annars klúta og skrá yfir verkefni fyrir klútaleikinn og kort af svæðinu.

Einkabílar: komi einnig á svæðið við tjaldmiðstöð. Mikilvægt að foreldrar verði búnir að mæla sér mót við fararstjóra og skilji ekki við börnin fyrr fararstjóri þeirra hefur tekið við þeim.

**Fararstjórar eiga skilyrðislaust að taka á móti sínum börnum sem koma með einkabílum.**

### **Sjúkrataskan**

Eru plástursbirgðirnar ekki örugglega nægar, skærin til taks og sprittbrúsinn nærri? Mýflugnavarnir, flugnanet, after bite og sterakrem. Og sólarvörnin krakkar mínir, hún líka. Og gott að hafa litla viftu sem gengur fyrir rafhlöðum.

**Kælitaska** og kubba til að kæla matvörur. Athugið samt að mótið hefur ekki frystipláss fyrir kælikubba.

**Súrruband.** Jú það verða trönur og vonandi fullt af þeim svo endilega komið með nóg af snæri.

**Eldsmiðjan** verður í bálhúsinu þar ræður Claus ríkjum og galdrar fram sitthvað spennandi.

**Skemma** verður við bálstæðið þar við hliðina þar verður Davíð með hnífana.

**Bardagahringur** í nágrenni við bálhúsið. Þar má finna víkinginn Magnús sem kennir ærlegan vopnaburð að fornum sið.



**Sólveigarsel** verður staðsett á stöllum þar verður fröken Halldóra í forsvari ásamt flinku aðstoðarfólki, með ýmskonar handverk.

**R** er í Norðursal og þar mun Atli Bachmann vera með ýmsar tengingar.

**Höfuðból** Aðsetur mótsstjórnar verður í bláu tjaldi á stöllum. (staðsetning gæti breyst eftir vindi) en þær lofa að merkja sig vel og vera auðfundnar.

Í mótsstjórninni eru **Anna Margrét Tómasdóttir** mótsstjóri, **Fanný Björk Ástráðsdóttir** sem sér um starfsmannamál ásamt **Vilborgu Norðdal**, **Elena Breiðfjöld** og **Halldóra Helga Valdimarsdóttir** eru dagskrárstjórar, **Elín Sigríður Ármannsdóttir** tjaldbúðarstjóri og **Jónína Sigurjónsdóttir** sér um upplýsingar og kynningarmál ásamt **Halldóru Helgu Valdimarsdóttur**. Þær eru auðþekktanlegar á bleika skvísuklútnum.

**Sjúkrastofan** er í JB efri hæð fyrir ofan eldhúsið

Síminn þar er 866 0068

### **Upplýsingar af síðu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands:**

432 2000 

BMT er með sólarhringsvakt lækna og hjúkrunarfræðinga.

SÍMI VAKTÞJÓNUSTU LÆKNA OG HJÚKRUNARFRÆÐINGA Á HSU ER 1700  
Í NEYÐARTILVIKUM HRINGIÐ Í 112



## ***Hin fréttabréfin***

Lesið öll fréttabréfin þar á þetta allt að vera

Pisst

Gott ráð frá SK: þegar krakki fer að verða óánægður, illt í maganum, listalaus og komin með heimþrá þá þarf hann oftast en ekki að gera no. 2. Hálfur ávöxtur getur gert kraftaverk og svo er gott að hafa með poka eða tösku með klóttettpappír og andresblaði fara í göngutúr með krakkanum einum þar sem er salerni, skutla honum inn með kittið og standa vörð á meðan. Og lífið verður allt betra og bjartara.

Höfum þetta einfalt og lærum á lífið með sól í hjarta og söng á vörum.

Með skátakveðjum

Mótsstjórn

